

Frágangur Austurbakka og Bryggjugötu í Austurhöfn og samkomulag hafnar og borgar um verkefni og kostnaðarskipti

Uppsteypu á nýjum byggingum við Austurbakka er að ljúka en þau verk hafa staðið undanfarin ár. Komið er að nú að frágangi umhverfis og framkvæmdum við yfirborðsfrágangs bakka næst nýjum byggingum. Þessi svæði hafa verið nýtt til framkvæmda samhliða afnotum fyrir hafnarstarfsemi og þjónustu við skip. Reynt hefur verið að tryggja öryggi gangandi vegfarenda um Austurbakka enda um fjölfarna gönguleið að ræða. Byggingakranar, girðingar og annar frágangur er að hverfa af bakkanum en í stað þess tekur við gatnagerð, frágangur yfirborðs og umhverfis. Komið er nafn á væntanlega aðkomugötu á Austurbakka að nýjum byggingum og hefur hún fengið nafnið Bryggjugata. Nýjar byggingar við Austurbakka eru því komnar með götunöfnin Bryggjugata 2, 4, 6 og 8.

Meðfylgjandi eru tillögur að frágangi svæða sem unnar eru af Þránni Haukssyni hjá Landslagi. Þessar tillögur eru unnar í samstarfi borgar, hafnar og húseigenda við Austurbakka og þar er reynt að samræma mismunandi sjónarmið allra aðila með það að markmiðið að hægt verði að fara í samræmdar framkvæmdir við frágang á svæðinu. Markmið og sjónarmið hafnar hefur alla tíð verið það að tryggja möguleg afnot hafnarmannvirkja í Austurhöfn fyrir þau skip sem þangað eiga erindi og að gerlegt verði að nýta hafnaraðstöðu á Miðbakka og Faxagarði fyrir móttöku smærri skemmtiferðaskipa. Tryggja þarf þessum skipum þjónustu, aðföng og flutning á farþegum, en um leið að hafnarbakkar Austurhafnar verði ekki opnir fyrir almennri umferð bíla. Hafnarsvæði Austurhafnar eru lokuð þjónustusvæði með hliðum og aksturstakmörkunum.

Með minnisblaðinu fylgir yfirlitsmynd og tvö snið í Austurbakka. Þessar upplýsingar gefa nokkuð skýra grein fyrir því í hvað átt frágangur er að ganga og að í slíkum málum þarf að taka tillit til sjónarmiða og þarfa margra hagsmunaaðila. Svæðið er orðið þröngt en hér er reynt að mæta ólíkum þörfum og um leið að tryggja að þessi lykil gönguás á milli Hörpu og miðborgar verði öllum til sóma.

Miðað er við að hönnun Bryggjugötu hefjist fljótlega og verk verði síðan boðið út þannig að framkvæmdir fari af stað nú í sumar og stefnt að verklokum í lok ársins. Með þessum aðgerðum er komið að verlokum framkvæmda í Austurhöfn og sér nú sér fyrir endann á framkvæmdum sem staðið hafa í um 10 -15 ár.

Reykjavík 9.4.2019

Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri
Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi